

**Lögreglustjórin á Suðurnesjum**

**06 312**

**Ársreikningur 2022**

## **Efnisyfirlit**

**Bls.**

Skýrsla og áritun forstöðumanns .....	<b>2</b>
Yfirlit um afkomu ársins .....	<b>3</b>
Efnahagsreikningur .....	<b>4</b>
Sjóðstreymisyfirlit .....	<b>5</b>
Skýringar .....	<b>6</b>

**Lögreglustjóriinn á Suðurnesjum**

**kt. 501106-0540**

**Brekkustíg 39, 260 Reykjanesbær**

## **Skýrsla og áritun forstöðumanns**

Lögreglan er sú stofnun þjóðfélagsins, sem hefur með höndum löggæslu í viðustu merkingu. Hlutverk löggreglu er að gæta almannaoryggis og tryggja réttaröryggi; stemma stigu við afbrotum og vinna að uppljóstran brota; greiða götu borgaranna og veita yfirvöldum aðstoð við framkvæmd starfa sinna og að halda uppi almannafriði og allsherjarreglu.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnavið 9 og málauflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2022 var ársveltan kr. 2.828,8 milljónir og afkoma kr. -18,5 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 128,6 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 617,2 milljónir.

Starfsemi stofnunarinnar á árinu 2022 byggir á heimildum í fjárlögum og fjáraukalögum fyrir árið 2022.

Það er álit mitt að ársreikningur 2022 gefi glöggja mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjáristöðu Lögreglustjórans á Suðurnesjum í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Lögreglustjórans á Suðurnesjum fyrir árið 2022 með rafrænni undirritun sinni.

Úlfar Lúðvíksson  
Lögreglustjóri

## Yfirlit um afkomu ársins 2022

	Skýr	2022	2021
<b>Tekjur</b>			
Tekjufærsla fjárveitinga .....	2	2.755.429.741	2.488.974.958
Seld þjónusta .....	3	40.484.157	65.822.626
Framlög og ýmsar tekjur .....	4	2.542.181	2.097.294
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....	2	30.296.691	28.600.979
	<b>Tekjur samtals</b>	<b>2.828.752.770</b>	<b>2.585.495.857</b>
<b>Gjöld</b>			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður .....	5	2.402.024.590	2.115.270.608
Annar rekstrarkostnaður .....	6	414.903.274	323.431.202
Afskriftir .....	7	30.296.691	28.600.979
	<b>Gjöld samtals</b>	<b>2.847.224.555</b>	<b>2.467.302.789</b>
<b>Afkoma fyrir fjármagnsliði</b>		(18.471.785)	118.193.068
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....	8	(51.965)	(197.625)
		(51.965)	(197.625)
	<b>Afkoma ársins</b>	<b>(18.523.750)</b>	<b>117.995.443</b>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2022

	Skýr	31.12.2022	31.12.2021
<b>Eignir</b>			
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	9		
Áhöld, tæki og búnaður .....		109.939.888	85.897.436
Farartæki og vélar .....		69.145.592	61.115.296
Aðrar eignir .....		5.052.918	1.938.580
		<u>184.138.398</u>	<u>148.951.312</u>
		<b>Fastafjármunir samtals</b>	<b>184.138.398</b>
<b>Veltufjármunir</b>			
Viðskiptakröfur .....		5.614.500	3.736.532
Tengdir aðilar .....	10	425.756.645	418.566.406
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður .....		742.470	141.303
Handbært fé .....	11	979.470	3.306.400
		<u>433.093.085</u>	<u>425.750.641</u>
		<b>Veltufjármunir samtals</b>	<b>617.231.483</b>
		<b>Eignir samtals</b>	<b>574.701.953</b>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>	12		
Hrein eign .....		<u>128.599.720</u>	<u>147.123.470</u>
		<b>Eigið fé samtals</b>	<b>128.599.720</b>
<b>Skuldir</b>			
Tengdir aðilar .....	10	24.585.481	18.384.114
Viðskiptaskuldir .....		57.903.508	24.339.476
Ýmsar skammtímaskuldir .....	13	205.535.919	213.451.347
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda .....	14	200.606.855	171.403.546
		<u>488.631.763</u>	<u>427.578.483</u>
		<b>Skuldir samtals</b>	<b>617.231.483</b>
		<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<b>574.701.953</b>
<b>Aðrar upplýsingar</b>	15		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

## Sjóðstreymisyfirlit ársins 2022

	Skýr	2022	2021
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins .....		(18.523.750)	117.995.443
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárvældi:			
Afskriftir .....	7	30.296.691	28.600.979
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....		(30.296.691)	(28.600.979)
		(18.523.750)	117.995.443
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur .....		(2.479.135)	(2.677.076)
Tengdir aðilar .....		(6.972.649)	(127.413.285)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir .....		25.648.604	12.428.196
		16.196.820	(117.662.165)
		(2.326.930)	333.278
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna .....	9	(65.483.777)	(58.100.620)
		(65.483.777)	(56.772.967)
<b>Fjármögnumunarhreyfingar</b>			
Tengdir aðilar .....		5.983.777	0
Fjárfestingarfamlag .....		59.500.000	58.100.620
		65.483.777	58.100.620
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>			
Handbært fé í byrjun árs .....		(2.326.930)	1.660.931
		3.306.400	1.645.469
		979.470	3.306.400

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstremi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækins endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður .....	3-10 ár
Farartæki og vélar .....	8-15 ár
Aðrar eignir .....	óafskrifad

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

# Skýringar

## Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

## Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

## Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

## Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

## Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

## Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

## Skýringar

	2022	2021		
<b>2 Tekjufærsla fjárveitinga</b>				
Fjárveiting ársins .....	2.755.429.741	2.488.974.958		
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	30.296.691	28.600.979		
	<b>2.785.726.432</b>	<b>2.517.575.937</b>		
<b>Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:</b>				
	Rekstur	Rekstrar-tilfærslur	Fjármagns-tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádegnum rekstrartekjum skv. fjárlögum .....	2.687.700.000	0	0	2.687.700.000
Launabætur .....	75.400.000	0	0	75.400.000
Millifærslur milli fjárlagaliða .....	(7.670.259)	0	0	(7.670.259)
<b>Fjárveiting til tekna .....</b>	<b>2.755.429.741</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>2.755.429.741</b>
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádegnum sértekjum .....	(2.773.953.491)	0	0	(2.773.953.491)
<b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs .....</b>	<b>(18.523.750)</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>(18.523.750)</b>
	2022	2021		
<b>3 Seld þjónusta</b>				
Ýmsar þjónustutekjur .....	40.484.157	65.822.626		
	<b>40.484.157</b>	<b>65.822.626</b>		
<b>4 Framlög og ýmsar tekjur</b>				
Ýmsar tekjur .....	2.542.181	2.097.294		
	<b>2.542.181</b>	<b>2.097.294</b>		
	2022	2021		
<b>5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður</b>				
Laun .....	1.935.980.952	1.737.400.563		
Orlof, breyting .....	13.592.593	(18.023.710)		
Launatengd gjöld .....	438.088.853	388.114.660		
Starfsmannakostnaður .....	14.362.192	7.779.095		
	<b>2.402.024.590</b>	<b>2.115.270.608</b>		
Meðalfjöldi stöðugilda .....	185,8	164,3		

## Skýringar

	2022	2021
<b>6 Annar rekstrarkostnaður</b>		
Bækur, ritföng, filmur o.fl. ....	2.695.317	1.750.920
Byggingarvörur, almennar .....	176.085	161.244
Byggingarvörur, aðrar .....	72.182	25.032
Tæki og búnaður til innréttингa .....	112.089	66.123
Ýmis tæki og áhöld .....	5.359.299	6.119.662
Varahlutir og viðhaldsvörur .....	1.245.950	925.991
Orkugjafar .....	23.114.823	15.256.779
Matvæli .....	17.895.693	14.887.698
Almennar rekstrarvörur .....	78.398.271	31.212.096
Vörukaup, almenn	<u>129.069.709</u>	70.405.545
Rannsóknarstofuefní .....	2.528.887	2.303.761
Kennslu- og föndurvörur .....	0	12.480
Ýmsar sérgreindar vörur .....	<u>76.206</u>	1.100.521
Vörukaup, sérgreind	2.605.093	3.416.762
Fundir, námskeið, risna .....	658.222	667.332
Ferðir, uppihald .....	13.932.138	5.518.887
Akstur .....	25.550.427	25.317.939
Sérfræðiþjónusta .....	15.691.235	13.944.107
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld .....	364.722	292.672
Auglýsingar og kynningarstarfsemi .....	1.200.910	966.103
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta .....	<u>6.020.594</u>	7.381.987
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	63.418.248	54.089.027
Samningsbundin kaup og leiga .....	5.040.876	2.662.334
Afnotagjöld .....	32.822.783	17.377.163
Leigugjöld .....	64.033.906	56.985.489
Notkun véla og flutningatækja .....	557.072	315.869
Verkkaup .....	46.573.503	41.069.366
Kostnaðarhlutdeild .....	67.345.446	74.209.877
Áhættutap og bætur .....	698.296	122.787
Tryggingar, lögboðnar .....	2.097.250	2.464.787
Opinber gjöld .....	534.292	262.956
Tilfærslur .....	<u>106.800</u>	49.240
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	219.810.224	195.519.868
Annar rekstrarkostnaður samtals	<u>414.903.274</u>	323.431.202
<b>7 Afskriftir</b>		
Áhöld, tæki og búnaður .....	17.117.397	15.157.161
Farartæki og vélar .....	12.975.114	11.894.348
Aðrar eignir .....	163.912	0
Sölutap og úreltar eignir .....	<u>40.268</u>	1.549.470
	30.296.691	28.600.979

## Skýringar

	2022	2021		
<b>8 Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap</b>				
Dráttarvextir .....	51.965	197.625		
	<hr/> 51.965	<hr/> 197.625		
	31.12.2022	31.12.2021		
<b>9 Varanlegir rekstrarfjármunir</b>				
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:				
Áhöld, tæki og búnaður .....	109.939.888	85.897.436		
Farartæki og vélar .....	69.145.592	61.115.296		
Aðrar eignir .....	<hr/> 5.052.918	<hr/> 1.938.580		
	<hr/> 184.138.398	<hr/> 148.951.312		
Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2022:				
	Áhöld, tæki og búnaður	Farartæki og vélar	Aðrar eignir	Samtals
Staða 01.01.2022 .....	142.977.360	107.865.284	1.938.580	252.781.224
Viðbætur á árinu .....	41.200.117	21.005.410	3.278.250	65.483.777
Selt/úrelt á árinu .....	(138.837)	0	0	(138.837)
	184.038.640	128.870.694	5.216.830	318.126.164
Afskriftir 01.01.2022 .....	57.079.924	46.749.988	0	103.829.912
Afskrift ársins .....	17.117.397	12.975.114	163.912	30.256.423
Selt/úrelt á árinu .....	(98.569)			(98.569)
	74.098.752	59.725.102	163.912	133.987.766
Staða 31.12.2022 .....	<hr/> 109.939.888	<hr/> 69.145.592	<hr/> 5.052.918	<hr/> 184.138.398
	31.12.2022	31.12.2021		
<b>10 Tengdir aðilar</b>				
Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.				
<i>Kröfur á tengda aðila:</i>				
Viðskiptareikningar við ríkissjóð .....	425.057.685	405.695.972		
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs .....	698.960	12.870.434		
	<hr/> 425.756.645	<hr/> 418.566.406		
<i>Skuldir við tengda aðila:</i>				
Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs .....	24.585.481	18.384.114		
	<hr/> 24.585.481	<hr/> 18.384.114		
	31.12.2022	31.12.2021		
<b>11 Handbært fé</b>				
Sjóðir .....	43.855	149.655		
Tékkareikningar .....	935.615	3.156.745		
	<hr/> 979.470	<hr/> 3.306.400		

Stofnunin hefur tekið til vörlu fjármuni fyrir þriðja aðila að fjárhæð kr. 52,5 milljónir sem varðveitt er á bankareikningum á nafni stofnunarinnar en telst ekki til eigna í efnahagsreikningi.

## Skýringar

### 12 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2022	31.12.2021
<b>Hrein eign</b>		
Jöfnuður 1.1. ....	147.123.470	29.128.027
Afkoma ársins .....	<u>(18.523.750)</u>	117.995.443
Jöfnuður 31.12. ....	128.599.720	147.123.470

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

	31.12.2022	31.12.2021
<b>13 Ýmsar skammtímaskuldir</b>		
Ógreitt orlof .....	205.031.779	191.439.186
Ógreidd laun .....	0	21.727.352
Önnur ógreidd gjöld .....	<u>504.140</u>	284.809
	205.535.919	213.451.347

### 14 Frestun tekjfærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2022	31.12.2021
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga .....	184.138.398	148.951.312
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga .....	<u>16.468.457</u>	22.452.234
	200.606.855	171.403.546
Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2022 .....	148.951.312	22.452.234
Fjárfestingarfjárveiting ársins .....	0	59.500.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	65.483.777	(65.483.777)
Tekjfærsla frestaðra tekna .....	<u>(30.296.691)</u>	0
	184.138.398	16.468.457
		200.606.855

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2022 munu kr. 32,7 milljónir koma til tekna á árinu 2023.

## Skýringar

### 15 Aðrar upplýsingar

#### *Skuldbindandi samningar*

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæði til allt að ársloka 2030 og þjónustusamninga um rekstur og vörslu hugbúnaðarkerfa til næsta árs. Árlegar greiðslu vegna húsaleigu nema kr. 63,7 milljónum og vegna þjónustusamninga kr. 12,7 milljónum.

#### *Veittar ábyrgðir*

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

#### *Óafturkallanleg loforð*

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

#### *Atburðir eftir reikningsskiladag*

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.